



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samningar við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs, þann 25. september 2018, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um drög að samningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík, dags. 20. september 2018; yfirlit yfir samninga og rekstarleyfi sjálfstætt rekinna leikskóla; samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, drög með breytingum frá fyrri samningi; samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, drög með samþykktum breytingum; rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn frá 18 mánaða til 6 ára, í gildi frá 1. ágúst 2018; reglur um leikskólaþjónustu; reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum; samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða, drög með breytingum frá fyrri samningi; samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða, drög með samþykktum breytingum; rekstar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungubarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn 6/9 mánaða til 36 mánaða, í gildi frá 1. ágúst 2018; bréf samtaka sjálfstæðra skóla og samtaka verslunar og þjónustu um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi leikskóla, dags. 8. febrúar 2018; bréf skóla- og frístundasviðs um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 23. mars 2018, athugasemdir vegna tillagna skóla- og frístundasviðs um breytingar á samningi um framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára; bréf skóla- og frístundasviðs um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 20. ágúst 2018, bréf skóla- og frístundasviðs um samninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 20. september 2018 og viðauki með kostnaðarpáttum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði fagna áframhaldandi samningum við sjálfstæða leikskóla. Sjálfstæðir skólar bæta flóru skóla Reykjavíkur svo um munar. Þeir veita foreldrum valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna. Þeir telja þó að eðlilegt væri að líta á framlag sviðsins út frá réttindum barna til að sækja hvaða leikskóla sem er. Að barn hefði rétt á því að fá sama framlag óháð því hvaða skóla það og foreldrar þess kjósa að velja.

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. september 2018 var

tillaga sviðsstjóra um að gerðir verði þjónustusamningar við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík, á grundvelli framlagðra samningadraga, samþykkt og vísað til borgarráðs.

Þjónustusamningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um drög að samningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík, dags. 20. september 2018

Yfirlit yfir samninga og rekstarleyfi sjálfstætt rekinna leikskóla

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, drög með breytingum frá fyrri samningi

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, drög með samþykktum breytingum

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn frá 18 mánaða til 6 ára, í gildi frá 1. ágúst 2018

Reglur um leikskólaþjónustu

Reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða, drög með breytingum frá fyrri samningi

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða, drög með samþykktum breytingum

Rekstar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið, börn 6/9 mánaða til 36 mánaða, í gildi frá 1. ágúst 2018

Bréf samtaka sjálfstæðra skóla og samtaka verslunar og þjónustu um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi leikskóla, dags. 8. febrúar 2018

Bréf skóla- og frístundasviðs um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 23. mars 2018

Athugasemdir vegna tillagna skóla- og frístundasviðs um breytingar á samningi um framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Bréf skóla- og frístundasviðs um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 20. ágúst 2018

Bréf skóla- og frístundasviðs um samninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla, dags. 20. september 2018 og viðauki með kostnaðarþáttum.

Reykjavík, 20. september 2018
SFS2017110158
144. fundur
HG/img/kg/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Drög að samningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra samninga við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík um framlög til þeirra og liggja nú fyrir drög að samningum sem lagðir eru fram til samþykktar og tilvísunar til borgarráðs.

I Meðferð málsins

Á 129. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. nóvember 2017 var samþykkt að framlengja samninga við sjálfstætt rekna leikskóla til 1. mars 2018. Jafnframt var sviðsstjóra falið að leggja fram drög að nýjum samningi Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna leikskóla með samning við Reykjavíkurborg með gildistöku frá 1. mars 2018 til þriggja ára, skyldi sviðsstjóri leita eftir samráði við fyrirsvarsmenn sjálfstætt rekinna leikskóla vegna nýs samnings.

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra samninga við sjálfstætt rekna leikskóla og hefur af því tilefni átt fundi með fulltrúum Samtaka sjálfstæðra skóla og Samtaka verslunar og þjónustu þann 23. apríl og 6. september 2018, auk þess sem samtökin hafa komið sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri með bréfum dags. 8. febrúar 2018 og 23. apríl 2018. Skóla- og frístundasvið hefur komið á framfæri sjónarmiðum sviðsins með bréfum dags. 23. mars 2018, 20. ágúst 2018 og 20. september 2018.

II Efni samninganna og viðsemjendur

Um er að ræða annars vegar samninga um framlög vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og hinsvegar vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Samningarnir eru efnislega að mestu samhljóða að því undanskyldu að mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur er margfölduð með 1,15 vegna leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára en margföldunarstuðullinn er 2,15 vegna leikskóla með samning sem nær til barna á aldrinum 6/9 mánaða til 18 mánaða.

Sjálfstætt reknir leikskólar sem verið hafa með samning við skóla- og frístundasvið eru eftirfarandi: Hjallastefnan vegna Öskju og Laufásborgar, LFA ehf. vegna Fossakots og Korpukots, Waldorfskólinn Sólstafrir og Höfn, Leikskóli KFUM og KFUK vegna Vinagarðs,

Félagsstofnun stúdenta vegna Mánagarðs, Leikgarðs og Sólgarðs, Barnaheimilið ÓS, Dignitas ehf vegna Regnbogans, Skerjagarður ehf, Leikskólinn Sælukot, Leikskólinn Vinaminni ehf, Skólar ehf vegna Ársólur og leikskólann Lund og að lokum Skóli Ísaks Jónssonar og Landakotsskóli.

Þrettán sjálfstætt reknir leikskólar eru með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, tveir vegna fimm ára barna og fjórir vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 18 mánaða en það eru leikskólarnir Ársól, Leikgarður og Sólgarður sem reknir eru af Félagsstofnun stúdenta og jafnframt Lundur.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir leikskóla sem fengið hafa greitt framlag á grundvelli samnings en þar kemur fram fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna, hvort greiddur er húsnæðisstyrkur og hvort um er að ræða samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára eða hvort um er að ræða samning vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 18 mánaða.

III Yfirlit yfir helstu breytingar

Eftirfarandi eru helstu breytingar á eldri samningum og viðaukum skv. þeim auk skýringa þar sem við á. Jafnframt er meðfylgjandi drög að samningunum með breytingum merktum:

Í 1. gr. er sett ný 2. málslíður 1 mgr. og verður 1. mgr. 1. gr. svohljóðandi:

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Í 1. gr. verður til ný 2., 3. og 4. mgr. sem eru svohljóðandi:

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kærarlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmis við lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

Í 1. mgr. 2. gr. verður til nýr málslíður sem er svohljóðandi:

Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Í gr. 4.1. verður til ný 4. mgr. þar sem fram kemur eftirfarandi:

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.

Í viðaukanum kemur m.a. fram að fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks í leikskólanum sé 63%. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 % fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%. Þetta hlutfall er nú 67% en lagt er til að við gildistöku samningsins hækki hlutfallið í 80%.

Í 5. mgr. í gr. 4.1 b er heimilað að skipulagsdagar verði 6 í stað 5 til samræmis við fjölda skipulagsdaga hjá leikskólum Reykjavíkur.

Í 6. mgr. í gr. 4.1.b ber bætt við nýjum málslíð sem kveður á um eftirfarandi:

Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Í 7. mgr. í gr. 4.1 b er bætt við nýjum málslíð sem kveður á um eftirfarandi:

Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

Í gr. 4.2. í samningi vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára eru gerðar sömu breytingar og á gr. 4.1.b í tengslum við rekstrarframlag vegna barna yngri en 18 mánaða.

Í 6. gr. er yfirskrift ákvæðisins breytt með þeim hætti að það verði svohljóðandi:

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku.

Í 6. gr. er sett ný 2. mgr. sem er svohljóðandi:

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í

Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

Í 1. mgr. 7. gr. er gerð breyting á 1. málslíð og verður hann svohljóðandi:

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. *Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs sem er lesanlegt í Völu.* Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Í 2. mgr. 7. gr. er gerð breyting á 1. málslíð og er hann svohljóðandi:

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs.

Upphafleg tillaga skóla- og frístundasviðs kvað á um að börn sem sótt hefur verið um pláss fyrir á leikskólanum skuli skráð í Völu, leikskólakerfi skóla- og frístundasviðs og hafi skóla- og frístundasvið skoðunaraðgang að skráningum leikskólans. Börn skuli jafnframt innrituð í leikskólann í Völu og fari um innritun þeirra eftir skilyrðum reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Í 6. mgr. í gr. 1.a í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu kemur fram að meginreglan við innritun sé sú að börn innritast í leikskóla eftir kennitölu þau elstu fyrst. Það sama gildi fyrir sjálfstætt rekna leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Framangreind tillaga byggði á því að mikilvægt væri að tryggja að foreldrar fái úthlutað leikskólaplássi á jafnræðisgrundvelli óháð því hvort óskað er eftir leikskólaplássi hjá sjálfstætt reknum eða borgarreknum leikskóla. Skóla- og frístundasvið hefur óskað í gegnum tíðina eftir upplýsingum frá sjálfstætt reknum leikskólum um biðlista þeirra og jafnframt óskað upplýsinga um hvort þeir fylgi framangreindri reglu. Í ljós kom að hluti þeirra fylgir ekki reglum borgarinnar hvað varðar framangreint.

Það sama mun hafa komið fram í meistaraverkefni sem unnið var af Skúla M. Sæmundssen meistaraneina í HR, sbr. meðfylgjandi bréf innri endurskoðunar, dags. 8. ágúst 2014. Í niðurstöðum Skúla kemur m.a. fram að bæta megi innritun á leikskóla þar sem erfitt sé að tryggja jafnræði við úthlutun. Núverandi innritunaraðferð skorti gegnsæi og bjóði heim hættunni á misnotkun. Stuðla megi að auknu jafnræði og tryggja að allar umsóknir fái sömu meðhöndlun með miðlægi framkvæmt innritunar á alla leikskóla í Reykjavík, sjálfstætt og borgarrekna.

Framangreind tillaga skóla- og frístundasviðs gekk þó skemur en lagt var til í bréfi innri endurskoðunar. Tillaga skóla- og frístundasviðs var sett fram í þeim tilgangi að tryggja að

farið yrði að reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, til að tryggja jafnræði og jafnframt til að auka gagnsæi.

Niðurstaðan er sú að fallið er frá því að svo stöddu að gera skilyrðislausa kröfu um notkun Völu við skráningu og innritun barna í sjálfstætt rekna leikskóla auk þess sem ekki er gerð krafa um skoðunaraðgang að biðlistum í gegnum Völu. Kemur það til m.a. vegna þess að eins og staðan er í dag er kerfið ekki tækt til notkunar í þessa veruna. Áfram verður unnið að tæknilegum lausnum í framangreinda veru og málið tekið til endurskoðunar þegar þær lausnir liggja fyrir. Jafnframt liggur fyrir beiðni SSSK um að aldursviðmið samningsins verði lækkað og þykir rétt að skoða þau mál í samhengi, þ.e. möguleg lækkun á aldursviðmiði fari saman við það að skóla- og frístundasvið geti tryggt að farið sé að reglum sviðsins, sem byggir á skýru álitni borgarlögmans um að innrita skuli elsta barn á biðlista.

Vegna þessa hefur verið bætt við samninginn ákvæði er kveður á um að heimilt sé að taka til endurskoðunar ákvæði hans ef til breytinga kemur á samþykktum Reykjavíkurborgar.

Ákvæði 5. mgr. 2. gr. samningsins er óbreytt varðandi það að leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Í 3. mgr. 10. gr. eru gerðar breytingar og er ákvæðið svohljóðandi:

Leikskólunum ber að senda skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Í 10. gr. er sett nýtt ákvæði í 4. mgr. sem kveður á um eftirfarandi:

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

Í 12. gr. er yfirskrift ákvæðisins breytt og er ákvæðið nú svohljóðandi:

Breytingar á lögum, og reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, eða reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

Í 13. gr. er sett nýtt ákvæði sem er svohljóðandi:

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

Í 1. mgr. 14. gr. eru gerðar breytingar og verður ákvæðið svohljóðandi:

Samningurinn tekur gildi [dags. 1. október 2018]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Í 2. og 3. mgr. 14. gr. eru sett nýtt ákvæði:

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann [1. október 2018].

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

IV. Afgreiðsla

Í fjárhagsáætlun skóla –og frístundasviðs er gert ráð fyrir kostnaði vegna umræddra samninga.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið eru drög samningum við sjálfstætt rekna sem hafa haft samning við skóla- og frístundasvið lagðir fram til samþykktar og tilvísunar til borgarráðs. Fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna verði óbreyttur frá fyrri samningum og viðaukum skv. honum. Lagt er til að samningarnir taki gildi frá og með 1. október 2018. Að loknu samþykki verði sviðsstjóra heimilað að gera samninga við sjálfstætt rekna leikskóla til samræmis við meðfylgjandi yfirlit.

Yfirlit yfir samninga og rekstrarleyfi SSL
Gildir frá 1.ágúst 2011

Leikskólar með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára

Kostn. St.	Leikskóli		Rekstraraðili	Kennitala	Skrifar undir samning	Barnafjöldi sem greitt er með	Breyti ngar frá samn ing	Húsnæðis- styrkur	Barnafjöldi skv. rekstrarleyfi
D214	Askja	x	Hjallastefnan ehf.	540599-2039	19.5.2010	137		100,0%	137
D200	Fossakot		LFA ehf	590104-2720		80		100,0%	80
D202	Höfn	x	Waldorfleikskólinn Sólstafir	430694-2199	19.5.2010	48		100,0%	48
D210	Kfum og K	x	Leikskóli KFUM og KFUK	590176-0369	19.5.2010	95*		100,0%	98
D201	Korpukot		LFA ehf	590104-2720		100		100,0%	100
D137	Laufásborg	x	Hjallastefnan ehf.	540599-2039	19.5.2010	127		0,0%	127
D143	Mánagarður	x	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	19.5.2010	128		0,0%	128
D204	Ós	x	Barnaheimilið Ós	641073-0329	19.5.2010	48		0,0%	48
D205	Regnboginn	x	Dignitas ehf	701001-3540	19.5.2010	74		100,0%	82
D206	Skerjagarður	x	Skerjagarður ehf.	500303-2390	19.5.2010	50		100,0%	50
D208	Sólstafir	x	Waldorfleikskólinn Sólstafir	430694-2199	19.5.2010	35		100,0%	35
D213	Sælukot	x	Leikskólinn Sælukot	420683-0309	2.6.2010	39		100,0%	72
D207	Vinaminni	x	Leikskólinn Vinaminni ehf.	500194-2519	19.5.2010	86		100,0%	86
D259	Ísaksskóli		Skóli Ísaks Jónssonar	600269-4889		61		100,0%	80
D260	Landakotsskóli		Landakotsskóli	066050-1210	27.5.2015	22		100,0%	30
						1.035			1.201

*Gegn útgáfu rekstrarleyfis er heimilt að greiða vegna 155 barna frá 1.sept. 2018

Frá 1. september 2018

Vegna fimm ára barna

Vegna fimm ára barna

Leikskólar með samning vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða

Kostn. St.	Leikskóli		Rekstraraðili	Kennitala	Skrifar undir samning	Barnafjöldi sem greitt er með		Húsnæðis- styrkur	Barnafjöldi skv. rekstrarleyfi
D220	Ársól	x	Skólar ehf.	630800-2930	2.6.2010	68		100,0%	68
D140	Leikgarður	x	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	19.5.2010	63		100,0%	63
D211	Lundur	x	Leikskólinn Lundur ehf.	500106-0500	19.5.2010	45		100,0%	50
D212	Sólgarður	x	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	19.5.2010	51		100,0%	60
						227			241

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

1. gr.

Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana ~~er varða~~ sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla -til samræmis við 25.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangeind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

2. gr.

Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

3. gr.

Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

4. gr.

Rekstrarframlag

4.1 Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára:

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 18 mánaða aldri og þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

telst vera í heildagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heildagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

[Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.](#)

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heildagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heildagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 65 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. [Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.](#)

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

í rekstri. [Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.](#)

4.2 Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra¹. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 5-6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja, námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum skv. 6. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. [Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.](#) -

Fjárhæð framlags kemur fram í yfirliti yfir niðurgreiðslur til dagforeldra í viðauka 2 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Rekstrarframlagið endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs, sem liggur til grundvallar á útreikningi framlagsins. Heimilt er að endurskoða fjárhæð framlags oftar.

5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu.

¹ Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun ~~skv. mati viðurkenndra greiningaraðila~~ í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Greiðsla framlags

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu² eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar sem skráir leikskólastjóri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. Nýja leikskólakerfið eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á www.skolarogfristund.is.

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

8. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 1,15.

9. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

10. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan Áritaður ársreikningur af löggiltum endurskoðanda um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur göagn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, skulu vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

11. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

12. gr.

Breytingar á lögum, ~~og~~ reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, ~~eða~~ reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

13. gr.

Force Majeure

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

143. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags. 1. október 2018]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann [1. október 2018].

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

154. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri
samningi

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra

Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu

19.09.2018 - drög

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

1. gr.

Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á.m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

2. gr.

Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst

19.09.2018 - drög

ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvisk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

3. gr.

Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

4. gr.

Rekstrarframlag

4.1 Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára:

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 18 mánaða aldri og þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum

19.09.2018 - drög

telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfstdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í viðauka 1 um rekstrar- og húsnæðisframlag.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu

19.09.2018 - drög

í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

4.2 Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra¹. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja, námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum skv. 6. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhæð framlags kemur fram í yfirliti yfir niðurgreiðslur til dagforeldra í viðauka 2 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Rekstrarframlagið endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs, sem liggur til grundvallar á útreikningi framlagsins. Heimilt er að endurskoða fjárhæð framlags oftar.

5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu.

¹ Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

19.09.2018 - drög

Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Greiðsla framlags

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu² eða á öðru formi, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á www.skolarogfristund.is.

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

19.09.2018 - drög

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

8. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 1,15.

9. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

10. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

11. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

12. gr.

Breytingar á lögum,reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

13. gr.

Force Majeure

19.09.2018 - drög

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags. 1. október 2018]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann [1. október 2018].

Komi til vanefnda á samningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

15. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

19.09.2018 - drög

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra

Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu

Gildir frá 1. ágúst 2018

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið

Börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra og reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund. Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	60.270 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	30.135 kr.

b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. dvalargildi á mánuði	12.815 kr.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 63%². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL

¹Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnmenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 67%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

2. Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama rekstrarframlag og vegna vistunar reykviskra barna hjá dagforeldrum. Sama húsnæðisframlag er greitt og vegna barna 18 mánaða til 6 ára.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	22.620 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	11.310 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2018:

Eldri barna skólar										
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 1,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vísun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:				0,294%						
M.v. 63% faghlutfall										
6/9 - 17 mánaða	Dagf.gr.	8				55.072	22.620	77.692		77.692
18 - 23 mánaða	2	8	16	63,00%	12.815	60.270	22.620	287.930	29.019	258.911
2 ára	1,6	8	12,8	63,00%	12.815	60.270	22.620	246.922	29.019	217.903
3 ára	1,3	8	10,4	63,00%	12.815	60.270	22.620	216.166	29.019	187.147
4 ára	1	8	8	63,00%	12.815	60.270	22.620	185.410	29.019	156.391
5 og 6 ára	0,8	8	6,4	63,00%	12.815	60.270	22.620	164.906	29.019	135.887

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2016 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2018, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2015.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is/skoliogfristund.

⁵Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

V – GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Reglur um leikskólapijónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn¹. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast

¹ 2. málslíður í 3. mgr. í gr. 1.1.a varðandi ungbarnadeildir tekur gildi 26. apríl 2018.

á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.²

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.³

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálfa klukkustund að hámarki á dag.⁴

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi leikskólar og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is. Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is, enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: sfs@reykjavik.is.

Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt.⁵ Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: sfs@reykjavik.is.

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

² Tekur gildi 26.apríl 2018

³ Tekur gildi 1. ágúst 2015

⁴ Breyting á opnunartíma tekur gildi 1. ágúst 2015

⁵ Reglan um að greidd sé sama niðurgreiðsla og til dagforeldra með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrr en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs.

Foreldrar sem hyggjast flytja til Reykjavíkur geta sótt um leikskóla fyrir barn sitt. Barnið fer ekki á biðlista eftir leikskólaplássi nema foreldrar hafi sent tilkynningu á netfangið sfs@reykjavik.is um að flutningur til Reykjavíkur sé fyrirhugaður. Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið sfs@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á

fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar. Heimilt er börnum starfsfólks sem fengið hafa úthlutað leikskólaplássi fyrir 1. apríl 2011 að vera í leikskóla Reykjavíkurborgar þar til foreldri hættir sem starfsmaður leikskóla Reykjavíkurborgar eða foreldri velur að skipta um leikskóla fyrir barnið. Umsóknir um undanþágur skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is. Hætti starfsmaður störfum í leikskólum borgarinnar, gildir fyrrgreint samkomulag um flutning barna milli sveitarfélaga.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið sfs@reykjavik.is.⁶

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

⁶ Tekur gildi 1. janúar 2015

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann í Rafræna Reykjavík eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila á skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar á þar til gerðu eyðublaði.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 4-5 ára.

II. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þrífurur.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.⁷

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

⁷ Tekur gildi 1. mars 2013

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.⁸

5. Úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássa fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Sækja skal um breytingar í Rafrænu Reykjavík eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við

⁸ Tekur gildi 12. janúar 2014

almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:

Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.e.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólustjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.a Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.⁹

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til leikskólustjóra leikskóla barnsins.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.

⁹ Afsláttur til námsmanna í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.b Afsláttur til einstæðra foreldra

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn foreldris. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.
- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldri með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá getur fengið afslátt af námsgjaldi til einstæðra foreldra þegar um undanfara skilnaðar er að ræða. Skila skal inn staðfestingu frá sýslumanni um að óskað hafi verið eftir leyfi til skilnaðar. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu frá foreldri á því að um undanfara skilnaðar sé að ræða, s.s. að það undirriti staðfestingu þess efnis. Afsláttur er ekki veittur sé lögheimili foreldra á sama stað. Afsláttur er veittur frá þeim degi sem framangreindum skilyrðum er fullnægt, að öðrum skilyrðum afsláttar til einstæðra uppfylltum, þ.m.t. að endurnýja skuli umsókn árlega fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla. Afsláttur er ekki veittur til foreldris með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá, þegar um undanfara skilnaðar er að ræða, í lengri tíma en tvö ár. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.¹⁰

**Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt.
Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um afslátt á þar til gerðu eyðublaði og afhendi leikskólastjóra í leikskóla barnsins og þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld afturvirk frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Afsláttur vegna örorku

- Foreldri sem er 75% öryrki eða getur framvísað gildu endurhæfingarlífeyrisskírteini fær afslátt af námsgjaldi.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða endurhæfingarlífeyrisskírteini.

¹⁰ Reglan um afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. **Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 75 % afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.skolarogfristund.is.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á www.skolarogfristund.is.

6.e Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalaus leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.¹¹

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

¹¹ Afsláttur til starfsmanna í launalaus leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli ákvæðisins tekur gildi 12. janúar 2015.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.¹²**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

6.f Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskólavöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjaldddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

¹² Afsláttur til starfsmanna með lögheimili utan Reykjavíkur tekur gildi 1. mars 2013

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf .

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.¹³

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjalddöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis

¹³ Verklagsreglurnar voru samþykktar í borgarstjórn 17. desember 2013

ákvarðanir skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Breytingar:

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.
- Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.
4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.
- 6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.
4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.
5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a tekur gildi 1. apríl 2011.
2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.
2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.
2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.
- Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.
3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfelldt í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.
2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.
- Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.
- Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólapláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fösturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.
4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.
3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.
- Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.
- Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.
5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.
5. mgr. í gr. 6.b. varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.
6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.
8. mgr. 6. gr. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015
- Gr. 6.e. varðandi afslátt starfsmanna í launalausum leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalausum leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslíð sem verður 2. málslíður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungarnadeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.



Reglur um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum

Gildissvið

Reglur þessar gilda um niðurgreiðslur skóla- og frístundasviðs til dagforeldra vegna daggæslu reykvískra barna í heimahúsum. Niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra. Niðurgreiðslan fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldris hjá skóla- og frístundasviði.

1. Reglur og upplýsingar um dagforeldra

1.a. Starfsleyfi dagforeldra og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi þeirra, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Nánari upplýsingar um eftirlit með dagforeldrum má sjá í 35. gr. framangreindrar reglugerðar og í bæklingi skóla- og frístundasviðs um daggæslu í heimahúsum.

Dagforeldri er fær niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna daggæslu ber að fara eftir reglum þessum. Dagforeldri ber að kynna foreldrum barna í daggæslu reglur þessar og ber dagforeldri að kanna hvort skilyrðum niðurgreiðslu sé fullnægt.

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er niðurgreitt með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáir dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með, fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir.

1.b. Upplýsingar um dagforeldra

Á vefsíðu skóla- og frístundasviðs www.skolarogfristund.is er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

2. Að velja dagforeldri og bið eftir leikskólaplássi

2.a Val foreldra á dagforeldri

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.

Í kjölfar ákvörðunar foreldris um dvöl barns hjá dagforeldri undirrita dagforeldri og foreldrar samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs, sjá nánar í gr. 3.b. og einnig dvalarsamning. Gerð dvalarsamnings dagforeldris og foreldra fer samkvæmt samkomulagi aðilanna og er án aðkomu skóla- og frístundasviðs.

Foreldrar er njóta lækkunar daggæslugjalda vegna niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs skulu lúta reglum þessum.

2.b. Tilkynning um leikskólapláss

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að upplýsa dagforeldri með rafrænum hætti um að barn í daggæslu hafi fengið úthlutað plássi á leikskóla Reykjavíkurborgar. Tilkynningin er eingöngu til upplýsinga fyrir dagforeldri.¹ Segja ber upp samningi um niðurgreiðslu með formlegum hætti, sjá 10. gr. reglnanna. Uppsögn dvalarsamnings foreldra og dagforeldra er samkvæmt ákvörðun þeirra þar um.

3. Skilyrði niðurgreiðslu til dagforeldris vegna daggæslu

3.a. Skilyrði um aldur, lögheimili barns og fasta búsetu og undanþága frá skilyrði um lögheimili í Reykjavík

Skilyrði niðurgreiðslu til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í þjóðskrá og föst búseta þess sé í Reykjavík.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta fengið niðurgreidda daggæslu í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík.²

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram

¹ Tekur gildi með nýja leikskólakerfinu Völu þegar unnt verður að senda tilkynningu rafrænt.

² Tekur gildi 1. janúar 2015.

staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greidda hærri niðurgreiðslu vegna hjúskaparstöðu eða náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Þegar barn hefur nám í grunnskóla fellur niður réttur til niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs.

3.b. Skilyrði um samning milli dagforeldris og foreldra um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Það er skilyrði fyrir niðurgreiðslu að dagforeldri og foreldrar undirriti samning um niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs vegna dvalar barns hjá dagforeldri. Fyllt skal í alla reiti samningsins og foreldrum afhent eintak af honum. Þegar barn hættir í daggæslu ber að fylla út viðeigandi eyðublað um uppsögn á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 10. grein reglnanna. Það sama gildir um breytingar á samningi um niðurgreiðslu, sjá nánar 5. gr. reglnanna.

Nýjum samningum um niðurgreiðslu ber að skila til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.

3.c. Skilyrði um auglýstan opnunartíma

Ekki er greitt fyrir fjölda dvalarstunda umfram auglýstan fjölda dvalarstunda dagforeldris á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

3.d. Skilyrði um staðfestingarblað dagforeldris

Það er skilyrði niðurgreiðslu að dagforeldri skili þjónustumiðstöð staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu eigi síðar en 15. dag mánaðar. Niðurgreiðsla verður greidd í næsta mánuði þar á eftir.

Greitt er í samræmi við upplýsingar sem fram koma á staðfestingarblaði eða upplýsingar í leikskólakerfinu Völu, þar sem dagforeldri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um niðurgreiðslu. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, fasta búsetu, tímabil vistunar barns í viðkomandi mánuði og fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi. Sérstaklega skal taka fram ef breytingar verða frá fyrra mánuði, s.s. ef nýtt barn byrjar, barn hættir eða fjölda dvalarstunda er breytt.

Skrá þarf upplýsingar vegna hærri niðurgreiðslu á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist þjónustumiðstöð eða skóla- og frístundasviði eftir því sem við á.

Fái dagforeldri niðurgreiðslu frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er niðurgreitt með fækkar börnum sem skóla- og frístundasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Því er gerð krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu.

4. Niðurgreiðsla

Niðurgreitt er mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. Ef upplýsingum er skilað eftir 15. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram vegna næsta mánaðar á eftir.

5. Breytingar á vistunartíma barns

Ef breyting verður á vistunartíma barns ber dagforeldri og foreldrum að fylla út þar til gert eyðublað. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga er einn mánuður og skal breyting miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Eyðublaðinu ber að skila til þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

6. Fjárhæð niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir hluta af kostnaði við vistun barna í hlutfalli við þann tíma sem þau dvelja hjá dagforeldri.

Fjárhæð niðurgreiðslu og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda skal vera í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun og dvalarsamning foreldra við dagforeldri.

Foreldrar geta sótt um hærri niðurgreiðslu til skóla- og frístundasviðs sjá nánar gr. 6.a., 6.b., 6.c., 6.d. og 6.e. Ef hærri niðurgreiðsla er veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga foreldra er hægt að endurkrefja þá um ofgreidda niðurgreiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hærri niðurgreiðsla skv. reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum er veitt, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn hjá dagforeldri.

Hærri niðurgreiðsla samkvæmt þessum reglum er ekki veitt afturvirk og miðast það við þann dag sem gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta niðurgreiðslu einn mánuð afturvirk ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um hærri niðurgreiðslu og öllum skilyrðum hærri niðurgreiðslu var fullnægt á þeim tíma.³

Hærri niðurgreiðsla fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði hærri niðurgreiðslu.

³ Tekur gildi 1. febrúar 2011.

Ef veitt hefur verið hærri niðurgreiðsla á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga sem stafa frá dagforeldri er hægt að endurkrefja dagforeldri samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Það sama á við vegna ofgreiðslu sem verður vegna breytinga sem ekki voru fyrirséðar þegar niðurgreitt var vegna viðkomandi mánaðar.

6.a Hærri niðurgreiðsla vegna barna námsmanna

Hærri niðurgreiðsla er greidd vegna barna hjóna og sambúðarfólks sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 1) Eru í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- 2) Eru í framhaldsskóla og skráð í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Skila skal skólavottorðum fyrirfram fyrir hverja önn þar sem koma fram upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN.⁴

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa hærri niðurgreiðslu vegna náms, barn, geta þau sótt um að fá hærri niðurgreiðslu vegna náms á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði um hærri niðurgreiðslu vegna náms sé í fæðingarorlofi.⁵

Hærri niðurgreiðsla er greidd frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

6.b. Hærri niðurgreiðsla vegna barna einstæðra foreldra

Hærri niðurgreiðsla er veitt að fenginni umsókn foreldris sem staðfest er af dagforeldri. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst ár hvert og send skóla- og frístundasviði.

- 1) Hærri niðurgreiðsla er greidd til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í Þjóðskrá.
- 2) Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að foreldri undirriti staðfestingu þess efnis.
- 3) Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er greidd hærri niðurgreiðsla frá þeim degi sem upplýsingar eru skráðar í Þjóðskrá.

Hærri niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í Þjóðskrá sem einstætt foreldri.

⁴ Tekur gildi 1. febrúar 2011.

⁵ Tekur gildi 15. mars 2013.

Það er skilyrði að foreldri sækji um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði og afhendi þjónustumiðstöð og Þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir niðurgreiðslu afturvirkkt frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.⁶

6.c. Hærri niðurgreiðsla vegna örorku foreldra

Niðurgreiðsla er hærri vegna barna 75% öryrkja og til þeirra er geta framvísað gildu endurhæfingarlífeyrisskírteini.

- 1) Sækja þarf um hærri niðurgreiðslu vegna örorku foreldra eða endurhæfingar og skal umsókninni fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða gilt endurhæfingarlífeyrisskírteini.⁷
- 2) Niðurgreiðsla er hærri frá þeim degi sem foreldri skilar umsókn og afriti af örorkuskírteini til skóla- og frístundasviðs.

Hærri niðurgreiðsla er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirkkt, sjá þó undanþágu í 6. gr.

6.d. Hærri niðurgreiðsla vegna systkina

Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs. Fjárhæðin er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti yfir niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

6.e. Hærri niðurgreiðsla til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar

Hærri niðurgreiðslu fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- 1) Sækja um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði.
- 2) Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá hærri niðurgreiðslu fyrir barn í heilsdagsvistun.
- 3) Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá hærri niðurgreiðslu fyrir barn í hálf dagsvistun.
- 4) Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar.

Hærri niðurgreiðsla er greidd frá því að umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirkkt, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Hærri niðurgreiðsla fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Hærri niðurgreiðsla fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi án þess að leyfið sé vegna náms

⁶ Tekur gildi 1. febrúar 2011.

⁷ Hærri niðurgreiðsla vegna endurhæfingar tekur gildi 15. mars 2013.

sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um afslátt að nýju.⁸

Starfsmanni ber einnig að tilkynna skóla- og frístundasviði ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á niðurgreiðslu til daggæslu.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í vistun hjá dagforeldri fá greidda hærri niðurgreiðslu, enda uppfylli starfsmaður skilyrði hærri niðurgreiðslu til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar og sækir um hærri niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði. Fjárhæð niðurgreiðslunnar er mismunur á gjaldaflokki I og II á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Starfsmaður skal að lágmarki einu sinni á ári skila dvalarsamningi barnsins og greiðslukvittunum vegna daggæslugjalda. Hærri niðurgreiðsla gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði. Hærri niðurgreiðsla er ekki veitt afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.⁹

Hafi starfsmaður fengið hærri niðurgreiðslu vegna barns hjá dagforeldri þegar ekki var réttur til hærri niðurgreiðslu áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu ofgreiddrar niðurgreiðslu afturvirk.

7. Niðurgreiðsla skóla- og frístundasviðs og lokun daggæslu

Dagforeldrum er greidd niðurgreiðsla vegna dvalar barna með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík mánaðarlega í 11 mánuði á ári að hámarki. Ekki er niðurgreitt í júlí mánuði. Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í einn mánuð.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags einn dag á ári og einnig vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að niðurgreiðsla skerðist. Sama gildir óski dagforeldri, í fullri samvinnu við foreldra, að taka allt að fimm daga frí á ári. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar niðurgreiðsla hlutfallslega.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og þjónustumiðstöð um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

8. Leiðrétting niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs að beiðni dagforeldris

Niðurgreiðsla verður ekki greidd lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur niðurgreitt fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður niðurgreiðsla lækkuð um sömu fjárhæð.

⁸ Reglan um hærri niðurgreiðslu starfsmanns í launalausum námsleyfi á grundvelli ákvæðisins tekur gildi 12.01.2015.

⁹ Tekur gildi 15. mars 2013.

Ef dagforeldri verður vart við mistök í niðurgreiðslu ber því að tilkynna skóla- og frístundasviði það án tafar.

9. Ofgreidd niðurgreiðsla

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt niðurgreiðslu af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga frá dagforeldri, mun skóla- og frístundasvið lækka niðurgreiðslu til dagforeldris við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sé hætt í daggæslu. Ef ekki reynist unnt að skuldajafna fer krafan í innheimtu sem hefur í för með sér vaxta- og innheimtukostnað. Dagforeldri getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt niður á þrjá mánuði.

10. Uppsögn

Dagforeldri og foreldrum ber að segja upp samningi um niðurgreiðslu vegna daggæslu barns á þar til gerðu eyðublaði. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Fyllt skal í alla reiti eyðublaðsins. Segi foreldrar upp samningi um niðurgreiðslu fyrir t.d. 15. dag mánaðarins getur greiðsla með barni hafist á nýjum stað 15. dag næsta mánaðar á eftir.

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á niðurgreiðslu til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar eða skrá upplýsingar um uppsögn á niðurgreiðslu í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun en einnig til að tryggt sé að ekki verði niðurgreitt vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi um niðurgreiðslu í Rafrænu Reykjavík.

Uppsögn dvalarsamnings dagforeldris og foreldra sætir sjálfstæðri uppsögn í samræmi við ákvæði viðkomandi dvalarsamnings.

Einungis er niðurgreitt með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri.

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur hjá dagforeldri sé virtur því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

Fyrsti mánuður barns hjá dagforeldri er reynslumánuður foreldra og dagforeldris. Ákveði foreldrar eða dagforeldri að barn hætti daggæslu innan fyrsta mánaðarins er fyrirvaralaus uppsögn heimil. Dagforeldri á rétt á niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs fyrir þennan mánuð. Hefji barn daggæslu hjá öðru dagforeldri innan sama mánaðar verður sú dvöl ekki niðurgreidd af hálfu skóla- og frístundasviðs nema til komi samþykki fyrra dagforeldris um endurgreiðslu niðurgreiðslu.

11. Eftirlit með niðurgreiðslu skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d.

með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknunum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.

12. Niðurfelling niðurgreiðslu til dagforeldris

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslur skv. þessum reglum, t.d. ef um meiriháttar brot er að ræða á reglunum, dagforeldri missir leyfi Reykjavíkurborgar til daggæslu í heimahúsi eða barn byrjar á leikskóla.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. september 2010.

Breytingar:

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.
7. gr. 2. mgr. um að dagforeldri sé heimilt að taka 5 daga frí á ári tekur gildi 16. desember 2010.
4. mgr. í gr. 1.a varðandi yfirlýsingu dagforeldris fellur brott 1. febrúar 2011.
Gr. 2.c varðandi upplýsingar um börn á biðlista og upplýsingar um boð um vistun fellur brott 1. apríl 2011.
5. og 6. mgr. 6. gr. taka gildi 1. febrúar 2011.
Orðin „í dagskóla“ í gr. 6.a falla brott 1. febrúar 2011.
2. mgr. í gr. 6.a um að nám sem tekið sé gilt sé það sama og nám sem er lánshæft hjá LÍN tekur gildi 1. febrúar 2011.
4. og 5. mgr. í gr. 6.b tekur gildi 1. febrúar 2011.
Orðin „t.d. með skoðun dvalarsamninga, heimsóknunum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum“ í 11. gr. falla brott 1. febrúar 2011.
Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.

Breytingar:

Í stað orðsins „framlag“ kemur orðið „niðurgreiðsla“ eða „niðurgreitt“ og breytist beyging setninga til samræmis við það.
Í stað orðsins „Leikskólasvið“ kemur orðið „skóla- og frístundasvið“ Í stað þess að vísað sé í veffang Leikskólasviðs er vísað í veffang skóla- og frístundasviðs.
Fellð er út í gr. 3.d tilvísun til þess að unnið sé að gerð nýs upplýsingakerfis fyrir Leikskólasvið.
Fellð er út orðið „Nýja“ í 2. mgr. í gr. 3.d.
Síðasta setning 1. mgr. í gr. 2.a breytist og orðast svo:
Skóla- og frístundasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum.
Gr. 2.c fellur brott.
Til verður ný 3. mgr. 7. gr. sem orðast svo:
Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu á fjögurra ára fresti, sem samsvarar einum degi, á meðan það sækir námskeið í slysavörnum sem lið í endurnýjun starfsleyfis.
Í 1. mgr. 8. gr. falla niður orðin „eða þjónustutryggingar“.
Í 2. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða óska eftir þjónustutryggingu“.
Í 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „eða þá að foreldrar fái greidda þjónustutryggingu.“
11. gr. orðast svo:
Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun gjaldskrár, dvalarsamninga og reikninga til foreldra ásamt staðfestingu á að þeir séu greiddir, heimsóknunum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.
Í 12. gr. falla niður orðin „eða þjónustutrygging er greidd vegna tímabilsins“.

Allar framangreindar breytingar taka gildi 1. mars 2012.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 1. febrúar 2012 og í borgarráði 9. febrúar 2012.

Breytingar:

2. mgr. 6. gr. a um hærri niðurgreiðslu í fæðingarorlofi tekur gildi 15. mars 2013.
6. gr. c um hærri niðurgreiðslu vegna endurhæfingar tekur gildi 15. mars 2013.
6. e um hærri niðurgreiðslur vegna barna starfsmann í leikskóla Reykjavíkur með lögheimili utan Reykjavíkur tekur gildi 15. mars 2013.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. mars 2013 og í borgarráði 14. mars 2013.

Breytingar:

2. til 6. mgr. í gr. 3.a varðandi niðurgreiðslu daggæslu vegna barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

Breytingar:

4. mgr. 6.gr síðasti máls. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer.
Gr. 6e, 4. og 5. mgr. varðandi hærri niðurgreiðslu til starfsmanna í launalausum leyfi tekur gildi 12.01.2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 5. nóvember 2014 og borgarráði 8. janúar 2015.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

1. gr.

Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana ~~er varða~~ sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla réttindi og skyldur foreldra í leikskólanum til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangeind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

2. gr.

Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

3. gr.

Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heild dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heild dagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

4. gr.

Rekstrarframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma ef skilyrðum 2. gr. samningsins er fullnægt. Greitt er rekstrarframlag vegna barna hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri.¹

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að fráðreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heild dagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með

¹ Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og eru gerðar til að fá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfstdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfstdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirk't og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. [Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.](#)

5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir [og barna með annað móðurmál en íslensku](#)

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun ~~skv. mati viðurkenndra greiningaraðila~~ í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

[Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.](#)

7. gr.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Greiðsla framlags

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu² [eða á öðru formi skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs lesanlegu í Völu](#);² Þar sem ~~skrár~~ leikskólastjóri ~~skrár~~ upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í [leikskólakerfið Völu](#). ~~Nýja leikskólakerfið~~ [eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs](#). Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á www.skolarogfristund.is.

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

8. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna undir 36 mánaða aldri má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 2,15.

9. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

10. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri samningi

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan Áritaður ársreikningur af löggiltum endurskoðanda um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur göagn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, skulu vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

11. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

12. gr.

Breytingar á lögum, ~~og~~ reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, ~~og~~ reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

143. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags. 1. október 2018]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann [1. október 2018].

Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri
samningi

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

154. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra

Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu

19.09.2018 - drög með breytingum frá fyrri
samningi

19.09.2018 - drög

Samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og XXXX, kt. xxxxxx-xxxx, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðisstyrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum xxxx, hér eftir nefndur leikskólinn.

1. gr.

Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnáðal laga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla til samræmis við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnáðal lögum og birtir á heimasíðu sinni.

2. gr.

Framlag skóla- og frístundasviðs

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í

19.09.2018 - drög

vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

3. gr.

Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki [fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heild dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heild dagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaláðunustu.

4. gr.

Rekstrarframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma ef skilyrðum 2. gr. samningsins er fullnægt. Greitt er rekstrarframlag vegna barna hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri.¹

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreiknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreikna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heild dagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í

¹ Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og eru gerðar til að fá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

19.09.2018 - drög

heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15 sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkir og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins.

Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða

19.09.2018 - drög

í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

EF LEIKSKÓLINN ER Í HÚSNÆÐI REYKJAVÍKURBORGAR OG GREIÐIR EKKI LEIGU FYRIR AFNOT ÞESS:

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki húsnæðisframlag vegna þeirra barna sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn leigulaust í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku

Skóla- og frístundasvið mun greiða fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvísk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Greiðsla framlags

19.09.2018 - drög

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu² eða á öðru formi skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs lesanlegu í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á www.skolarogfristund.is.

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

8. gr.

Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskólans vegna barna undir 36 mánaða aldri má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 2,15.

9. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

10. gr.

Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu

19.09.2018 - drög

stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

11. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

12. gr.

Breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi [dags. 1. október 2018]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Litið er svo á að samningur aðila [dags. 19. maí 2010] með síðari viðaukum hafi haldið gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann [1. október 2018].

Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólaþjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasviðs.

19.09.2018 - drög

15. gr.
Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. xxx

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Viðaukar

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag

Viðauki 2: Um niðurgreiðslur til dagforeldra

Viðauki 3: Um reglur um leikskólaþjónustu

Gildir frá 1. ágúst 2018

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt hærri framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	60.270 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	30.135 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 01.08.2018
Pr. dvalargildi á mánuði	12.815 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 63%². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

¹Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

²Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 67%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	22.620 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	11.310 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfsætt starfandi leikskóla.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2018:

Ungbarnaskólar										
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (hellsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (hellsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuði - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:				0,294%						
M.v. 63% faghlutfall										
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	63,00%	12.815	60.270	22.620	287.930	54.253	233.677
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	63,00%	12.815	60.270	22.620	246.922	54.253	192.669

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2016 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2018 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2016.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs www.reykjavik.is/skoliogfristund. Vakin er athygli á að hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

⁵ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Reglur um leikskólapijónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn¹. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast

¹ 2. málslíður í 3. mgr. í gr. 1.1.a varðandi ungbarnadeildir tekur gildi 26. apríl 2018.

á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.²

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.³

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálfa klukkustund að hámarki á dag.⁴

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi leikskólar og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is. Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is, enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: sfs@reykjavik.is. Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt.⁵ Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: sfs@reykjavik.is.

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

² Tekur gildi 26.apríl 2018

³ Tekur gildi 1. ágúst 2015

⁴ Breyting á opnunartíma tekur gildi 1. ágúst 2015

⁵ Reglan um að greidd sé sama niðurgreiðsla og til dagforeldra með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrr en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs.

Foreldrar sem hyggjast flytja til Reykjavíkur geta sótt um leikskóla fyrir barn sitt. Barnið fer ekki á biðlista eftir leikskólaplássi nema foreldrar hafi sent tilkynningu á netfangið sfs@reykjavik.is um að flutningur til Reykjavíkur sé fyrirhugaður. Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið sfs@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á

fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar. Heimilt er börnum starfsfólks sem fengið hafa úthlutað leikskólaplássi fyrir 1. apríl 2011 að vera í leikskóla Reykjavíkurborgar þar til foreldri hættir sem starfsmaður leikskóla Reykjavíkurborgar eða foreldri velur að skipta um leikskóla fyrir barnið. Umsóknir um undanþágur skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is. Hætti starfsmaður störfum í leikskólum borgarinnar, gildir fyrrgreint samkomulag um flutning barna milli sveitarfélaga.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið sfs@reykjavik.is.⁶

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

⁶ Tekur gildi 1. janúar 2015

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann í Rafræna Reykjavík eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila á skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar á þar til gerðu eyðublaði.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 4-5 ára.

II. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þrífurur.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.⁷

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

⁷ Tekur gildi 1. mars 2013

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.⁸

5. Úthlutun leikskólapláss, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólapláss fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Sækja skal um breytingar í Rafrænu Reykjavík eða á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við

⁸ Tekur gildi 12. janúar 2014

almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:

Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.e.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkir og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólustjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkir ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.a Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.⁹

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til leikskólustjóra leikskóla barnsins.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkir, sjá þó undanþágu í 6. gr.

⁹ Afsláttur til námsmanna í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.b Afsláttur til einstæðra foreldra

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn foreldris. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.
- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldri með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá getur fengið afslátt af námsgjaldi til einstæðra foreldra þegar um undanfara skilnaðar er að ræða. Skila skal inn staðfestingu frá sýslumanni um að óskað hafi verið eftir leyfi til skilnaðar. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu frá foreldri á því að um undanfara skilnaðar sé að ræða, s.s. að það undirriti staðfestingu þess efnis. Afsláttur er ekki veittur sé lögheimili foreldra á sama stað. Afsláttur er veittur frá þeim degi sem framangreindum skilyrðum er fullnægt, að öðrum skilyrðum afsláttar til einstæðra uppfylltum, þ.m.t. að endurnýja skuli umsókn árlega fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla. Afsláttur er ekki veittur til foreldris með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá, þegar um undanfara skilnaðar er að ræða, í lengri tíma en tvö ár. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.¹⁰

**Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt.
Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um afslátt á þar til gerðu eyðublaði og afhendi leikskólastjóra í leikskóla barnsins og þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld afturvirk frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Afsláttur vegna örorku

- Foreldri sem er 75% öryrki eða getur framvísað gildu endurhæfingarlífeyrisskírteini fær afslátt af námsgjaldi.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða endurhæfingarlífeyrisskírteini.

¹⁰ Reglan um afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. **Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 75 % afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.skolarogfristund.is.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á www.skolarogfristund.is.

6.e Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalaus leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.¹¹

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

¹¹ Afsláttur til starfsmanna í launalaus leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli ákvæðisins tekur gildi 12. janúar 2015.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.¹²**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

6.f Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskólavöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjaldddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

¹² Afsláttur til starfsmanna með lögheimili utan Reykjavíkur tekur gildi 1. mars 2013

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf .

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.¹³

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjalddöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis

¹³ Verklagsreglurnar voru samþykktar í borgarstjórn 17. desember 2013

ákvarðanir skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Breytingar:

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.
- Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.
4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.
- 6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.
4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.
5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a tekur gildi 1. apríl 2011.
2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.
2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.
2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.
- Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.
3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfelldi í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.
2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.
- Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.
- Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólapláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fösturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.
4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.
3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.
- Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.
- Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.
5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.
5. mgr. í gr. 6.b. varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.
6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.
8. mgr. 6. gr. árétting um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015
- Gr. 6.e. varðandi afslátt starfsmanna í launalausum leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalausum leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.
- Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslíð sem verður 2. málslíður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungarnadeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2018

Efni: Drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi leikskóla

Samtök sjálfstæðra skóla og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til fyrri samskipta við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna endurskoðunar á þjónustusamningum aðila um rekstur á leikskólum. Samtökin fagna þeim vilja sem fram hefur komið í samskiptum aðila að taka núverandi samninga til endurskoðunar með það að leiðarljósi að auka gagnsæi í þeim samningum og forsendum þeirra.

Samtökunum hafa nú borist drög að þjónustusamningum og hafa þau verið til umfjöllunar hjá rekstraraðilum leikskóla innan samtakanna. Að mati samtakanna er ekki ágreiningur um ramma þessara samninga eða megininntak þeirra. Eftir sem áður telja samtökin þörf á einstaka viðbótum við samningsdrögin sem og útfærslu einstakra ákvæða þeirra eins og gerð verður nánari grein fyrir í eftirfarandi umfjöllun.

Fyrir það fyrsta benda samtökin á að í 4.1 gr. samningsdraganna er ákvæði er viðkemur útreikningi á rekstrarframlagi og því um að ræða grundvallarákvæði draganna og um leið samningssambands leikskólanna við Reykjavíkurborg. Er í ákvæðinu gerð grein fyrir umræddu framlagi og þeim kostnaðarliðum sem þar liggja að baki. Hins vegar telja samtökin skorta þar á að kostnaðarliðir séu sundurliðaðir þannig að unnt sé að greina nánar og sannreyna þær forsendur sem liggja þar að baki. Að mati samtakanna myndi slík sundurliðun sannarlega vera til bóta og auka á skýrleika þessara þátta, þ.m.t. auka verulega á gagnsæi er viðkemur umræddu rekstrarframlagi.

Í ljósi þessa leggja samtökin til að við drögin verði bættur nýr viðauki þar sem fram komi sundurliðun á umræddum greiðslum, þ.e. sundurliðaðar forsendur og aðferðarfræði, þannig að fyrir liggja hvaða kostnaðarliðir standi að baki umræddum framlögum. Samhliða yrði þá í umræddu ákvæði vísað til viðaukans er viðkemur þeirri sundurliðun.

Því næst vísa samtökin til b-liðar ákvæðis 4.1 gr. samningsdraganna þar sem kveðið er á um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskóla sem reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi. Í þessu samhengi telja samtökin mikilvægt að tryggt verði ákveðið samræmi hvað varðar hlutfall fagmenntaðra starfsmanna í leikskólum almennt óháð eignarhaldi. Því mæla samtökin með því að í umræddum staflið verði tekið mið af meðaltali faghlutfalls fagmenntaðs starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar og að það meðaltal verði leiðarljós í þeim útreikningi sem fram kemur í ákvæðinu.

Að sama skapi leggja samtökin til að nánar verði gerð grein fyrir í samningsdrögunum hvernig staðið verði að þeirri endurskoðun sem fram kemur í lokamálslið þessa staflíðs, og vísast þá m.a til umfjöllunar hér að neðan um almennt endurskoðunarákvæði.

Í þriðja lagi vísa samtökin til ákvæðis 4.2 gr. samningsdraganna þar sem kveðið er á um rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða. Að mati samtakanna er mikilvægt að taka hér til skoðunar hvort ekki sé ástæða til að samræma ákvæði þetta við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi ungabarnaleikskóla. Er fullur vilji og áhugi hjá rekstraraðilum leikskóla að láta samningsdrögin taka einnig til barna yngri en 18 mánaða. Með það í huga mæla samtökin með því að ákvæði þetta verði endurskoðað með það að leiðarljósi að það taki mið af samsvarandi forsendum og þeim sem framlög ungabarnaleikskóla grundvallast á.

Í fjórða lagi vilja samtökin koma á framfæri ábendingum hvað varðar ákvæði 5. gr. samningsdraganna og viðkemur húsnaðisframlagi. Í lokamálslið 3. mgr. ákvæðisins segir að mánaðarlegt húsnaðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnaðisframlagi en ekki er greitt fyrir júlí. Hvað þetta varðar telja samtökin mikilvægt að með óbyggjandi hætti sé kveðið á um að framlagið taki, þrátt fyrir framangreinda tilvísun, til tólf mánaða en ekki ellefu. Ef um er að ræða ellefu mánuði þá er óskað frekari skýringa á þeirri framkvæmd. Þá er að sama skapi óskað eftir viðhorfum Reykjavíkurborgar til þess að greiðslur á hverju ári séu greiddar mánaðarlega, og þ.m.t. í júlí.

Þá er af hálfu samtakanna gerð krafa um að greiðslur á grundvelli 5. gr. samningsdraganna taki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar hverju sinni þannig að sjálfstætt starfandi leikskólar þurfi ekki að taka á sig kostnað vegna slíkra breytinga.

Í fimmta lagi gera samtökin athugasemdir hvað varðar ákvæði 7. gr. samningsdraganna er viðkemur greiðslu framlags. Er í ákvæðinu vísað til þess að greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu sem Reykjavíkurborg styðst við. Ítrekast í þessu samhengi að ekki eru allir rekstraraðilar að nýta umrætt kerfi í sinni starfsemi. Því mæla samtökin eindregið með því að ákvæðið verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að greiðsla á framlagi verði í samræmi við innsenda reikninga og skilagreinar frá rekstraraðilum sjálfstætt starfandi leikskólum. Með þeirri framkvæmd er tryggt að leikskólum beri að skila fullnægjandi gögnum og að sama skapi tryggja um leið gagnsæi hvað varðar þær greiðslur sem greiddar eru af hálfu Reykjavíkurborgar.

Því leggja samtökin til að 2. málsl. 1. mgr. taki breytingum og orðist svo: „Greitt er í samræmi við innsenda reikninga og skilagreinum þeim tengdum“.

Í sjötta lagi vekja samtökin athygli á ákvæði 8. gr. samningsdraganna er varðar gjaldskrá leikskólanna. Benda samtökin á að samkvæmt þeirri reiknireglu sem þar er að finna er gert ráð fyrir ákveðnu álagi sem nemur 15% og fellur að óbreyttu á foreldra. Telja samtökin gagnrýnisvert að foreldrar þurfi að bera slíkan viðbótarkostnað og óska því hér með eftir að tekið verði til skoðunar hvort Reykjavíkurborg greiði þennan umframkostnað í stað foreldra.

Í sjöunda lagi vísa samtökin hér til ákvæðis 11. gr. samningsdraganna er viðkemur endurkröfu á ofgreiddu framlagi. Er í ákvæðinu ítrekaður réttur Reykjavíkurborgar til endurgreiðslu í tilteknum tilvikum. Ekki er gerð athugasemd hvað það varðar en á móti kemur að samtökin telja bæði sanngjarnt og eðlilegt að slík krafa taki einnig til réttar leikskólanna til að fara fram á viðbótargreiðslur eða leiðréttingafærslur ef í ljós kemur að framlag Reykjavíkurborgar er


lægra en samningur aðila kveður á um. Þannig nái skylda til leiðréttingar á framlögum til beggja aðila samningsins, þ.e. leikskólanna og Reykjavíkurborgar.

Í áttunda lagi telja samtökin mikilvægt að koma á framfæri ábendingum um atriði hvað varðar endurskoðun á þeim samningi sem lagður er til í fyrirbyggjandi drögum en samtökin telja að breytingar á fyrirbyggjandi tillögum séu til bóta gagnvart samningsaðilum. Ber þar helst að geta mikilvægi þess að tryggja að í samningi aðila verði kveðið á um skyldu aðila til að taka samninginn til endurskoðunar í ljósi reynslu hverju sinni enda ljóst að margt getur komið upp hvað varðar eftirfylgni með honum hverju sinni enda geta forsendur samningsins breyst ásamt því að ófyrirsjáanleg áhrif geta haft þar áhrif á.


Ekki er í fyrirbyggjandi drögum kveðið sérstaklega á um endurskoðun á samningnum. Telja samtökin hins vegar mikilvægt að samningur aðila verði tekinn til endurskoðunar með reglulegum hætti, s.s. árleg endurskoðun, og að slík endurskoðun fari fram í fullri samvinnu samningsaðila. Með hliðsjón af röð ákvæða í umræddum drögum gæti slíkt ákvæði komið inn sem 13.gr. og röð annarra ákvæða taki breytingum í samræmi við það.

Er framangreindum athugasemdum hér með komið á framfæri við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt,
f.h. SSSK og SVP



Þórdís Jóna Sigurðardóttir
Varaformaður SSSK



Lárus M. K. Ólafsson
Lögmaður SVP



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. mars 2018
SFS2017110158
6.4

SVÞ
SSSK

Borgartúni
105 Reykjavík

Drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla

Vísað er til erindis, dags. 8. febrúar 2018, í tengslum við endurskoðun á samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík.

Eftirfarandi eru viðbrögð skóla- og frístundasviðs við athugasemdum SVÞ og SSSK auk tillagna skóla- og frístundasviðs að breytingum:

1. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 1. gr. bætist við nýr málslíður við sem hljóði svo:

Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á.m. því að geta þess í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Lagt er til að til verði ný 2., 3. og 4. mgr. í 1. gr. sem hljóði svo:

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn skal fylgja ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur foreldra í leikskólanum auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn setur reglur um innritun innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum.

2. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 2. gr. bætis nýr málslíður við sem hljóði svo:

Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings

þessa.

3. gr.

Lagt er til að í samninginn verði sett ný 3. mgr. 3. gr. sem verði svohljóðandi:

Börn sem sótt hefur verið um pláss fyrir á leikskólanum skulu skráð í Völu, leikskólakerfi skóla- og frístundasviðs. Börn skulu jafnframt innrituð í leikskólann í Völu og fer um innritun þeirra eftir skilyrðum reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Leikskólakerfið Vala var tekið í notkun í júní 2010. Gert var ráð fyrir að allir sjálfstætt reknir leikskólar hefðu aðgang að því og gætu notað sem innheimtu og skráningarkerfi. Það varð ekki raunin en nokkrir leikskólar nota Völu til að yfirfara skráningar hjá skóla- og frístundasviði og stemma af áður en greitt er.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að gera þá kröfu til sjálfstætt rekinna leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið að þeir noti Völu til að skrá þær upplýsingar sem fram koma í 7. gr. núgildandi samnings aðila auk þess sem þar verði börn á biðlista skráð og þau innrituð í gegnum Völu til samræmis við tillögu að breytingum á 3. gr. samningsins

Á það er bent að í reglugerð 896/2009, með síðari breytingum er leikskólum heimilt að nota rafrænt upplýsingakerfi til skráningar og miðlunar upplýsinga um börn samkvæmt reglugerðinni.

Allt utan um hald á biðlista barna eftir leikskólaplássum verður mun aðgengilegra og gefur betri mynd af þörf fyrir leikskólapláss í ákveðnum hverfum borgarinnar og þá hvar bregðast þarf við þegar þungi innritunar færist á milli hverfa.

Eins og staðan er í dag eru upplýsingar ekki aðgengilegar með haganlegum hætti um innritun sjálfstætt rekinna leikskóla eða varðandi biðlista í þá leikskóla. Óskað hefur verið eftir umræddum upplýsingum á liðnum árum en þær oft skilað sér illa.

Með því að skylda sjálfstætt rekna leikskóla til að nota VÖLU er tryggt að foreldrar sitji við sama borð þegar kemur að úthlutun plássna í borginni, en á það hefur verið bent að einhverjir sjálfstætt reknir leikskólar fylgi ekki reglum um leikskólaþjónustu um innritun með tilliti til þess að fara skuli eftir kennitölu við innritun, elsta barnið fyrst.

Með þessu móti ætti að vera fyllilega tryggt að fylgt sé reglum um leikskólaþjónustu við innritun barna hvað varðar til dæmis forgang.

Tekið er fram að ekki verður innheimt fyrir aðganginn að Völu en sjálfstætt reknir leikskólar gætu þurft að greiða gjald vegna tengingar milli eigin kerfis og Völu, þ.e. ef þeir vilja nýta áfram eigið kerfi.

4. gr.

4.1

Fallist er á að skilgreint verði með nánari hætti hvað fellur undir heildarkostnað (án húsaleigu) en tekið fram að breytingin á ekki að leiða til breytinga á framlaginu sem slíku. Lagt er til að lýsing þessa efnis komi fram í viðauka 1, um rekstrar og húsnæðisframlag:

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins. Hér er átt við áætlaðan rekstrarkostnað borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að fráðreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt rekinna leikskóla.

Þetta er því kostnaður sem bókast í leikskólum borgarinnar og annar miðlægur kostnaður sem bókast á aðra kostnaðarstaði skóla- og frístundasviðs sem talinn er upp hér að neðan:

- Allur almennur kostnaður sem fellur til við að þjónusta börn í leikskólum
- Langtímaveikindi í leikskólum.
- Sameiginlegur kostnaður leikskóla (leikskólastjóradagur, leikskólaráðstefna, Stóri leikskóladagurinn).
- Miðlægur pottur leikskóla (vaktgæsla, bón í leikskólum sem ekki eru með aðkeypta ræstingu, innheimtuþóknun, tækjapottur).
- Fastir reglubundnir styrkir til lengri tíma en 1 ár. – (dæmi styrkir til Samtaka foreldra leikskólabarna, Myndlistarskólans ofl).
- Almennir styrkir (styrkir einstakra aðila sem veittir eru árlega)
- Símenntun og annar starfsmannakostnaður (símenntun sem leikskólar geta sótt í, handleiðsla, sundstyrkir, íþróttastyrkir, trúnaðarlæknir, auglýsingar, kostnaður vegna eineltisathugana, námsleyfa).
- Yfirstjórn skóla- og frístundasviðs.

Vert er að benda á að allur kostnaður sem bókast utan skóla- og frístundasviðs, s.s. kostnaður launadeildar, bókhalds, ráðhúss ofl. reiknast ekki inn í heildarkostnað við leikskólaplássið auk þess sem dæmi kostnaður vegna stuðnings við börn með sérþarfir fellur ekki undir heildarkostnaðinn.

4.1.b

Hvað varðar tillögu að breytingu með þeim hætti að tekið verði mið af meðaltali faghlutfalls fagmenntaðs starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar og að það meðaltal verði leiðarljós í útreikningi 3. mgr. í gr. 4.b þá verður ekki fallist á þá tillögu en á það benta að ákvæðið er sett sérstaklega sett til að vera hvatning fyrir sjálfstætt rekinna leikskóla til að ráða fagmenntað starfsfólk.

Lagt er til að gerð verði sú breyting á 5. mgr. í gr. 4.1.b að fram komi að heimilt sé að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga í stað 5 áður til samræmis við það sem fram kemur í reglum um leikskólaþjónustu vegna leikskóla Reykjavíkurborgar.

6. mgr. í gr. 4.1 b

Lagt er til að við 6. mgr. í gr. 4.1.b verði til ný mgr. sem hljóði svo:

Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

7. mgr. í gr. 4.1 b

Lagt er til að í samninginn verði settur nýr lokamálsliður í 7. mgr. 3. gr. sem verði svohljóðandi:

Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

4.2

Hvað varðar endurskoðun á framlagi vegna barna yngri en 18 mánaða með það í huga að framlög taki mið af samsvarandi forsendum og þeim framlögum sem ungbarnaleikskólar grundvallast á þá er á það bent að skv. reglum um leikskólaþjónustu þá er miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Vegna þessa hefur áherslan verið á að uppfylla þörf fyrir leikskóla vegna þessa aldurs en ekki yngri barna.

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust.

Á tilteknum leikskólum sem Reykjavíkurborg starfrækir verða sérstakar ungbarnadeildir sem eingöngu eru ætlaðar börnum á aldrinum 12-36 mánaða. Gert er ráð fyrir að börn innritast á þessar deildir á aldrinum 12-24 mánaða en fyrir liggur að gera þarf breytingar á reglum um leikskólaþjónustu vegna þessa en það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem tekur ákvörðun um breytinguna. Fyrir liggur að gert er ráð fyrir að aldursviðmið um inntöku taki gildi í áföngum á næstu árum.

Hafi sjálfstætt reknir leikskólar áhuga á að opna ungbarnadeildir eða skilgreina ákveðin pláss fyrir ung börn, þarf að sækja sérstaklega um það til skóla- og frístundaráðs.

Með vísan til framangreinds mun skóla- og frístundasvið ekki leggja til við skóla- og frístundaráð að fallist verði á umrædda tillögu.

2. mgr. í gr. 4.2

Lagt er til að gerð verði sú breyting að heimilt er að loka leikskólanum í 6 daga í stað 5 nú.

Lagt er til að við 4. mgr. í gr. 4.2. verði til ný mgr. sem hljóði svo:

Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

5. gr.

Gerð er athugasemd við að ekki sé óyggjandi kveðið á um að framlagið taki til 12 mánaða. Það er mat skóla- og frístundasviðs að ljóst sé af lestri 2. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. að um er að ræða kostnað vegna 12 mánaða tímabils sem deilt er á 11 mánuði.

Árlegt framlag til sjálfstætt rekinna leikskóla er greitt í 11 greiðslum. Ef greitt væri í 12 greiðslum þá myndi framlag lækka hlutfallslega sem því nemur.

Hvað varðar kröfu um að umræddar greiðslur taki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar hverju sinni þá er ekki fallist á slíkt. Borgarreknir leikskólar fá ekki vísitölubætur á sínar fjárheimildir. Framlög til sjálfstætt rekinna leikskóla byggja á

fjárhagsáætlun borgarrekinn leikskóla.

6. gr.

Lagt er til að gerð verði sú breyting á 6. gr. að yfirskriftin verði viðbótargreiðslur vegna barna með sérþarfir og vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Til verði ný 2. mgr. 6. gr. sem hljóði svo:

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Vísað er til umfjöllunar um 3. gr. hvað varðar nauðsyn þess að sjálfstætt reknir leikskólar skrái í Völu upplýsingar sem getið er í 7. gr.

8. gr.

Hvað varðar ósk um að tekið verði til skoðunar hvort Reykjavíkurborg greiði þau 15% sem heimilt er að leggja ofan á gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkurborgar þá telur skóla- og frístundasvið ekki tilefni til að leggja slíkt til við skóla- og frístundaráð. Umrædd 15 % gefa leikskólunum ákveðið svigrúm sem ekki er til staðar í leikskólum Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. 10. gr. og ákvæðið hljóði svo:

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasvið.

Gerð er krafa um endurskoðaða ársreikninga í tengslum við styrki skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt rekinna grunnskóla og tónlistarskóla. Rétt er að sama krafa sé gerð til sjálfstætt rekinna leikskóla.

Lagt er til að til verði ný 4. mgr. 10. gr. og ákvæðið hljóði svo:

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

Það er mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að hafa heildaryfirsýn yfir starfsemi leikskóla í borginni og þáttur sjálfstætt rekinna leikskóla er hluti af þeirri yfirsýn.

11. gr.

Í erindi SSSK og SVP kemur fram að sanngjarnt og eðlilegt sé að réttur sé til endurgreiðslu á ofgreiddu framlagi nái til beggja aðila en ekki eingöngu skóla- og frístundasviðs.

Hér ber að horfa til þess að í 4. mgr. 7. gr. kemur fram að rekstrar- og húsnæðisframlag

verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð. – Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld einn mánuð afturvirkir ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma – eins og hjá borgarreknum leikskólum. – Skóla- og frístundasvið leiðréttir 3 mánuði aftur í tímann ef gleymist að skila dvalarsamningi. Hinsvegar getur verið um það að ræða að leiðrétting geti náð lengra aftur í tímann en 3 mánuði ef um er að ræða mistök hjá skóla- og frístundasviði, breytingar á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Hvað varðar tillögu um að samningurinn verði endurskoðaður árlega þá er það mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé þörf á slíku ákvæði enda nú þegar almenn heimild til endurskoðunar á samningnum skv. 12. gr. hans.

13. gr.

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði í 13. gr. sem hljóði svo:

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 1. mgr. 14. gr. og að ákvæðið hljóði svo:

Samningurinn tekur gildi x. xxx 20xx. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Lagt er til að til verði ný 2. mgr. 14. gr. og ákvæðið hljóði svo:

Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr.

Lagt er til að til verði ný 16. gr. sem hljóði svo:

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Hvað varðar samning vegna þeirra sjálfstætt reknu leikskóla sem nú eru með samning vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða þá eru lagðar til sömu breytingar og að framan

greinir. Sem áður er 4. gr. samningsins frábrugðin hvað varðar gjaldskrá leikskólans.

Tekið er fram að framangreint er með fyrirvara um samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs sem tekur ákvörðun um gerð samninganna.

Virðingarfyllst

Kristján Gunnarsson
fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að samningi við sjálfstætt rekna grunnskóla

Athugasemdir vegna tillagna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) um breytingar á samningi um framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára.

Athugasemdir við einstök ákvæði samningsins:

1. gr.

SFS notar orðið „styrkur“ í stað þess að vísa til „framlaga“. Athuga hvort ástæða er til þess að breyta þessu orðalagi og vísa til „framlags“ í samningi.

Þá þarf að fá nánari skýringar á því hvað átt er við með að geta um styrki í kynningarefni. Hversu langt nær sú skylda og hvaða kynningarefni fellur þar undir?

Þá þarf að vera hafið upp yfir allan vafa að ákvæði stjórnsýslulaga nær eingöngu til barna og foreldra en tekur ekki samskipta rekstraraðila við eigið starfsfólk. Að öðrum kosti er verið að leggja réttarstöðu starfsfólk að jöfnu við opinbera starfsmenn og löggjöf á því sviði.

3. gr.

Ræða þarf um þá kvöð að taka upp Völu þar sem það kerfi er nú þegar ekki nýtt. Er unnt að skrá þær upplýsingar sem þarna er óskað eftir, eða þeim skilað, með öðrum hætti og án þess að aðilum sé gert að taka upp tvöfalt skráningarkerfi þar sem slíkt á við.

Liggur fyrir að aðilar geti tengst Völu án viðbótarkostnaðar eða aðlögunar við þau kerfi og/eða hugbúnað sem aðilar styðjast nú við.

Hafa þarf í huga að það ætti að vera kappsmál fyrir leikskóla að skila réttum upplýsingum hratt og tímanlega. Að sama skapi gæti dráttur þessara aðila að skila þessum upplýsingum til SFA að fela í sér vanefnd á samningi og ætti það eitt og sér að fela í sér hvata til að skila upplýsingum, í gegnum Völu eða öðrum hætti, þannig að ekki verði gripið til vanefndaúrræða.

4. gr.

Endurskoða þarf ákvæði um faghlutfall enda er með tillögu SFS verið að refsa sjálfstætt starfandi leiksólum fyrir að hafa hátt faghlutfall, þ.e. hlutfall sem er nú þegar hærra en hjá leikskólum borgarinnar. Til að gæta sanngirni ætti því að miða mið faghlutfall hjá opinberum leiksólum og reikna hlutfallið og framlag út frá þeim grunnpunkti.

Fá frekari upplýsingar um hvort það er svo að engin kostnaður launadeildar, bókhalds o.s.frv. falli ekki á SFS.

Taka til skoðunar hvort ástæða er til að hafa inni í samningi aldursviðmið barna eður ei.

5. gr.

Ítreka kröfu um að framlög taki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar hverju sinni, s.s. mætti bæta þeirri forsendu fyrir breytingum í almenna endurskoðunarákvæðið á framlaginu.

Ef halda á inni tengingu fjárhagsáætlun borgarekinna skóla þá þarf að tryggja að slík endurskoðun fari tímanlega fram og aðilum sé tryggð leiðrétting í samræmi við slíkar breytingar. Sporin hræða í þessum efnum enda hafa skólar þurft að bera tap þar sem leiðréttingar hafa ekki gerðar, m.a. vegna ákvæða laga um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og breytinga á þeim áætlunum.

7. gr.

Sama og framan hvað varðar leikskólakerfið Völu.

10. gr.

Hversu langt nær lokamálsgrein ákvæðisins, þ.e. tilvísun til m.a. allra upplýsinga og rannsókna og úttekta. Er óneitanlega inngríp inn í starfsemi og þ.a.l. íþyngjandi ákvörðun hverju sinni og því mikilvægt að tryggja fyrirsjáanleika og festu hvað varðar túlkun og beitingu á þessu ákvæði. Er skýrari útfærsla einnig til þess fallinn að tryggja að beiting þessa ákvæðis grundvallist á hlutlægum skilyrðum en ekki huglægu mati einstaklinga hverju sinni.

Önnur atriði

Ítreka að setja inn ákvæði um gagnkvæma endurskoðun á samningum vegna breyttra forsenda hverju sinni. Þannig mætti kveða á um bæði reglubundna endurskoðun að ákveðnum tíma liðnum og einnig þegar verulegar breytingar verða á forsendum hans og frekari töf á endurskoðun verði til tjóns fyrir aðila.

Reykjavík, dags. 20. ágúst 2018

SVÞ

Efni: Drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna leikskóla

Vísað er til fundar, dags. 23. apríl 2018, í tengslum við endurskoðun á samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík.

Eftirfarandi eru viðbrögð skóla- og frístundasviðs við athugasemdum SVÞ og SSSK auk tillagna skóla- og frístundasviðs að breytingum:

1. gr.

Hvað varðar athugasemd um að SFS notar orðið „styrkur“ í stað þess að vísa til „framlaga“ þá er það mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að vísa til þess í samningum við sjálfstætt rekna leikskóla að um sé að ræða styrk sem nefnt er „framlag“. Ástæðan er fyrst og fremst sú að um framlagið fer til samræmis við reglur Reykjavíkurborgar um styrki sem samþykktar voru í borgarráði þann 25. maí 2017 en áður giltu reglur samþykktar þann 3. júní 2010 í borgarráði með síðari breytingum. Hvað það varðar að getið sé um styrki í kynningarefni þá er fyrst og fremst verið að vísa til þess að það komi fram á til dæmis heimasíðu og í kynningarbæklingum vegna starfseminnar.

Hvað það varðar að tryggt sé að ákvæði í 3. mgr. 1. gr. nái ekki til starfsfólks þá segir í drögum að samningnum að leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og *skyldur foreldra* í leikskólanum auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina.

Lagt er til að gerð verði sú breyting að fram komi að leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga laga um leikskóla, sjá meðfylgjandi drög að samningi.

3. gr.

Skóla- og frístundasvið lagði til í bréfi sínu, dags. 23. mars 2018, að gerð yrði sú krafa að fram kæmi í samningi að börn sem sótt hefur verið um pláss fyrir á leikskólanum skulu skráð í Völu, leikskólakerfi skóla- og frístundasviðs. Börn skuli jafnframt innrituð í leikskólann í Völu og fari um innritun þeirra eftir skilyrðum reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Vísaði skóla- og frístundasvið til þess m.a. að rétt væri að gera þessa kröfu með tilliti til þess að allt utan um hald á biðlista barna eftir leikskólaplássum verður mun aðgengilegra og gefi betri mynd af þörf fyrir leikskólapláss í ákveðnum hverfum borgarinnar og þá hvar bregðast þarf við þegar þungi innritunar færist á milli hverfa. Eins og staðan er í dag eru upplýsingar ekki aðgengilegar með haganlegum hætti um innritun sjálfstætt rekinna leikskóla eða varðandi biðlista í þá leikskóla. Óskað hefur verið eftir umræddum upplýsingum á liðnum árum en þær oft skilað sér illa. Auk þess væri tryggt með því að skylda sjálfstætt rekna leikskóla til að nota Völu að foreldrar sitji við sama borð þegar kemur að úthlutun pláss í borginni, en á það hefur verið bent að einhverjir sjálfstætt reknir leikskólar fylgi ekki reglum um leikskólaþjónustu um innritun með tilliti til þess að fara skuli eftir kennitölu við innritun, elsta barnið fyrst. Með þessu móti ætti að vera fyllilega tryggt að fylgt sé reglum um leikskólaþjónustu við innritun barna hvað varðar til dæmis forgang.

Reykjavík, dags. 20. ágúst 2018

Tekið var fram í bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 23. mars 2018, að ekki verði innheimt fyrir aðganginn að Völu en sjálfstætt reknir leikskólar gætu þurft að greiða gjald vegna tengingar milli eigin kerfis og Völu, þ.e. ef þeir vilja nýta áfram eigið kerfi.

Í bréfi SSSK, sem lagt var fram á fundi þann 23. apríl 2018, kemur fram að ræða þurfi þá kvöð að Vala verði tekin upp þar sem hún er ekki nýtt nú þegar. Spurt er hvort unnt sé að skrá þær upplýsingar sem verið er að óska eftir, eða skila þeim, með öðrum hætti án þess að aðilum sé gert að taka upp tvöfalt skráningarkerfi þar sem slíkt á við. Á framangreindum fundi kom fram hjá SSSK að hluti sjálfstætt rekinna leikskóla væru nú þegar með önnur rafræn kerfi í notkun og að það að skylda leikskóla til að taka Völu í notkun myndi leiða til þess að einhverjir skólar þyrftu þá að tvískrá upplýsingarnar.

Skóla- og frístundasvið hefur tekið málið til skoðunar og ítrekar fyrri afstöðu sína til þess að réttmæt sé sú krafa að sjálfstætt reknir leikskólar með samning við skóla- og frístundasvið nýti Völu. Hugsanleg tenging við önnur kerfi getur af hálfu Reykjavíkurborgar í fyrsta lagi orðið 2019. Þar til er gerð sú krafa að sjálfstætt starfandi leikskólar noti Völu. Vilji notendur KarEllennar ekki nota Völu þá er það þeirra að tryggja og kosta tengingu yfir í Völu.

4. gr.

4.1

Í athugasemdum SSSK frá 23. apríl sl. kemur fram að SSSK þurfi að fá frekari upplýsingar um hvort það er svo að engin kostnaður launadeildar, bókhalds o.s.fr.v. falli ekki á skóla- og frístundasvið.

Til viðbótar fyrra svari skóla- og frístundasviðs, dags. 23. mars sl., er upplýst um að unnið er að gerð viðauka við samning sem sundurliðar með skýrari hætti úthlutun til sjálfstætt starfandi leikskóla. Viðaukinn verður kynntur á fundi með SSSK sem haldinn verður 17.maí n.k.

4.1.b

Í athugasemdum SSSK sem lagðar voru fram á fundi þann 23. apríl sl. kemur fram að endurskoða þurfi ákvæði um faghlutfall hvað það varðar að tekið verði tillit til þess að þeir sem hafa hátt faghlutfall njóti þess í framlögum.

Fallist er á að leggja til að 80% þak verði á faghlutfalli hjá sjálfstætt starfandi leikskólum.

4.2

Í athugasemdum SSSK frá 23. apríl sl. kemur fram að taka verði til skoðunar hvort rétt er að hafa inn aldursviðmið eður ei.

Hvað varðar endurskoðun á framlagi vegna barna yngri en 18 mánaða með það í huga að framlög taki mið af samsvarandi forsendum og þeim framlögum sem ungbarnaleikskólar grundvallast á þá er á það bent að skv. reglum um leikskólaþjónustu, þá fer þetta atriði til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði, enda er hér um verulegan kostnaðarauka að ræða fyrir Reykjavíkurborg.

5. gr.

Reykjavík, dags. 20. ágúst 2018

Hvað varðar kröfu um að umræddar greiðslur taki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar hverju sinni þá er ekki fallist á slíkt. Borgarreknir leikskólar fá ekki vísitölubætur á sínar fjárheimildir. Framlög til sjálfstætt rekinna leikskóla byggja á fjárhagsáætlun borgarrekinnna leikskóla.

10. gr.

SSSK gera í bréfi sem lagt var fram á fundi þann 23. apríl sl. athugasemdir við að ákvæði varðandi upplýsingagjöf verði að vera skýrara en lagt var til eftirfarandi ákvæði:

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

Það er mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að hafa heildaryfirsýn yfir starfsemi leikskóla í borginni og þáttur sjálfstætt rekinna leikskóla er hluti af þeirri yfirsýn. Hér er fyrst og fremst um að ræða sömu upplýsingar og verið er að afla hjá leikskólum Reykjavíkur, svo sem; upplýsingar varðandi ráðningar og mögulega manneklu, tekjur, laun- og annan rekstrarkostnað auk rekstrarniðurstöðu ársins.

11. gr.

Hvað varðar tillögu um að samningurinn verði endurskoðaður vegna breyttra forsenda þá er það enn mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé þörf á slíku ákvæði enda nú þegar almenn heimild til endurskoðunar á samningnum skv. 12. gr. hans.

Tekið er fram að framangreint er með fyrirvara um samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs sem tekur ákvörðun um gerð samninganna.

Reykjavík, 20. september 2018

SSSK

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við gerð samninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna leikskóla.

Meðfylgjandi eru drög að samningi við sjálfstætt rekna leikskóla sem skóla- og frístundasvið gerir ráð fyrir að leggja fyrir skóla- og frístundaráð á næsta fundi ráðsins þann 25. september nk. en gerð samnings við sjálfstætt rekna leikskóla er háð samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

Sem áður er um að ræða tvær tegundir samninga, annars vegar vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og hinsvegar vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða.

Í fyrri drögum að samningi sem sendur var SSSK kom fram í 3. mgr. 3. gr. eftirfarandi:

„Börn sem sótt hefur verið um pláss fyrir á leikskólanum skulu skráð í Völu, leikskólakerfi skóla- og frístundasviðs og hefur skóla- og frístundasvið skoðunaraðgang að skráningum leikskólans. Börn skulu jafnframt innrituð í leikskólann í Völu og fer um innritun þeirra eftir skilyrðum reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.“

Í 6. mgr. í gr. 1.a í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu kemur fram að meginreglan við innritun sé sú að börn innritast í leikskóla eftir kennitölu þau elstu fyrst. Það sama gildi fyrir sjálfstætt rekna leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Framangreind tillaga byggði á því að mikilvægt væri að tryggja að foreldrar fái úthlutað leikskólaplássi á jafnræðisgrundvelli óháð því hvort óskað er eftir leikskólaplássi hjá sjálfstætt reknum eða borgarreknum leikskóla. Skóla- og frístundasvið hefur óskað í gegnum tíðina eftir upplýsingum frá sjálfstætt reknum leikskólum um biðlista þeirra og jafnframt óskað upplýsinga um hvort þeir fylgi framangreindri reglu. Í ljós kom að hluti þeirra fylgir ekki reglum borgarinnar hvað varðar framangreint.

Það sama mun hafa komið fram í meistaraverkefni sem unnið var af Skúla M. Sæmundssen meistaránema í HR, sbr. meðfylgjandi bréf innri endurskoðunar, dags. 8. ágúst 2014. Í niðurstöðum Skúla kemur m.a. fram að bæta megi innritun á leikskóla þar sem erfitt sé að tryggja jafnræði við úthlutun. Núverandi innritunaraðferð skorti gegnsæi og bjóði heim hættunni á misnotkun. Stuðla megi að auknu jafnræði og tryggja að allar umsóknir fái sömu meðhöndlun með miðlægri framkvæmt innritunar á alla leikskóla í Reykjavík, sjálfstætt og borgarrekna.

Framangreind tillaga skóla- og frístundasviðs gekk þó skemur en lagt var til í bréfi innri endurskoðunar. Tillaga skóla- og frístundasviðs var sett fram í þeim tilgangi að tryggja að farið yrði að reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, til að tryggja jafnræði og jafnframt til að auka gagnsæi.

Reykjavík, 20. september 2018

Niðurstaðan er sú að fallið er frá því að svo stöddu að gera skilyrðislausa kröfu um notkun Völu við skráningu og innritun barna í sjálfstætt rekna leikskóla auk þess sem ekki er gerð krafa um skoðunaraðgang að biðlistum. Kemur það til m.a. vegna þess að eins og staðan er í dag er kerfið ekki tækt til notkunar í þessa veruna. Áfram verður unnið að tæknilegum lausnum í framangreinda veru og málið tekið til endurskoðunar þegar lausnir liggja fyrir. Jafnframt liggur fyrir beiðni SSSK um að aldursviðmið samningsins verði lækkað og þykir rétt að í tengslum við það að aldursmiðvið verði lækkað þá verði jafnframt tryggt að skóla- og frístundasvið geti tryggt að farið sé að reglum skóla – og frístundasviðs um að innrita skuli elsta barn á biðlista.

Vegna þessa hefur verið bætt við samninginn ákvæði er kveður á um að heimilt sé að taka til endurskoðunar ákvæði hans ef til breytinga kemur á samþykktum Reykjavíkurborgar.

Ákvæði 5. mgr. 2. gr. samningsins er óbreytt varðandi það að leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Meðfylgjandi er viðauki við samninginn í tengslum við gr. 4.1 sem sundurliðar með skýrari hætti úthlutun til sjálfstætt starfandi leikskóla. Fallist er á að leggja til að 80% þak verði á faghlutfalli hjá sjálfstætt starfandi leikskólum. Þar má sjá að gert er ráð fyrir að þak á faghlutfall verði 80%.

Hvað varðar lengd samnings er niðurstaðan sú að leggja til að samningurinn verði til þriggja ára til samræmis við kröfur SSSK þar um.

Að öðru leyti má sjá breytingar merktar í meðfylgjandi skjali en ekki er gert ráð fyrir því að þær þarfnist skýringa.

Með vísan til framangreinds er SSSK gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sjálfstætt rekinna leikskóla. Farið er fram á að athugasemdir berist svo fljótt sem verða má og eigi síðar en í lok mánudagsins 24. september 2018.

KOSTNAÐARÞÆTTIR	Fjárhæð	Pr. barn á mán	Pr. dvalargildi á mán	Athugasemdir
Launakostnaður				
Stjórnunarkostnaður	653.710	10.382		Stjórnunarkostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í stjórnun af heildarstöðugildum
Eldhús - starfsmannakostnaður	871.614	13.843		Eldhúskostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í eldhúsi af heildarstöðugildum
Veikindaafleysing f. Eldhús (6,9%)	60.141	955		Veikindi í eldhúskostnaði er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í eldhúsi af heildarstöðugildum
Sérkennslustjóri	379.574	6.028		Sérkennslustjórakostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í sérkennslustjóra af heildarstöðugildum
Launakostnaður á deild	6.733.921		10.375	Allur almennur launakostnaður þar á meðal deildarstjórn (ekki sértæk sérkennsla)
Afleysing á deild	1.138.721		1.754	Kostnaður við veikinda og undirbúningsafleysingu á deild
Fjármálaráðgjafi	7.029	112		
Alls		31.321	12.130	
Annar rekstrarkostnaður	1.240.261	19.698		Allur annar rekstrarkostnaður fyrir utan innri leigu húsnæðis
Miðlægir pottar og tengdir liðir				
Langtímaveikindi	276.891	881	341	
Endurúthlutunarpottur leikskóla				
Uppreikningur á barngildum færður til 1.sept	50.000	794		Áður voru börn að eldast um 1.árgang 1.júlí en nú er það 1.sept. Því þarf ekki að fækka starfsmönnum í júlí og ágúst
Viðbótarúthlutun við leikskóla í Fellahverfi	6.864	109		Tímabundin launahækkun til leikskólakennara í fellahverfi
Sumarorlof umfram lokun leikskólans	46.667	741		Leikskólar frá greiddar sumarafleysingar starfsmanna umfram lokunartíma
Sumarorlof umfram lokun hjá matráðum í litlum leikskólum	4.000	64		Úthlutað verði aukalega fyrir aðkeyptum mat í umframorlofi matráðs
Vaktgæsla	616	10		
Bón í leikskóla sem eru ekki með aðkeypta ræstingu	2.567	41		
Innheimtulaun og innheimtuþóknun	6.162	98		
Tækjapottur	4.108	65		
Íþróttastyrkur til starfsmanna	5.000	79		
Starfsmenn frá Vinnumálastofnun	-9.000	-143		Leikskólar hafa starfsmenn á vegum vinnumálastofnunar og fá að hluta endurgreitt vegna þeirra
Óráðstafaður tölvukostnaður	1.372	22		

Alls endurúthlutunarpottur	118.356	1.880	
Símenntun og annar starfsmannakostnaður			Reiknað upp að 25% af heildarpotti í símenntun tengist leikskólum nema námsleyfið sem tengist bara leikskólum
Námsleyfi	29.000	461	
Símenntun, fræðsla, handleiðsla	5.067	80	
Sundstyrkir	2.953	47	
Íþróttastyrkir til starfsmanna	2.000	32	
Endurmenntunarstjóður grunnskóla	4.062	65	Tengist ekki leikskólum
Trúnaðarlæknir	3.042	48	
Leigubílakostnaður skrifstofu	392	6	
Auglýsingar	1.027	16	
Eineltisathuganir	257	4	
Skólasafnamiðstöð	500	8	Tengist ekki leikskólum
Túlkþjónusta - umbótarþættir	4.500	71	
Innleiðing barnasáttmálans - umbótarþættir	2.500	40	
Aðrir umbótarþættir - óráðstafað	6.543	104	
Ófyrirséð	7.686	122	
Alls símenntun	69.527	1.104	
Annað			
Tölvukostnaður sem ekki fellur á leikskóla	1.254	20	Kostnaður við upplýsingatæknipjónustu sem ekki fellur til á leikskólana
Fastir styrkir	9.118	145	Skv. líkani eru 25% af föstum styrkjum sviðsins að hafa áhrif á leikskóla.
Myndver	476	8	Þetta eru styrkir eins og Fjölskyldu og húsdýragarðurinn, afmælisstyrkir og Útilífmiðstöð skáta
Sameiginlegur kostnaður leikskóla	3.297	52	Skv. líkani eru 25% að hafa áhrif á leikskólana
Almennir styrkir og þróunarstyrkir	10.520	167	Leikskólastjóradagur, leikskólaráðstefna, stóri leikskóladagurinn
Kannanir	744	12	Skv. líkani eru 25% af föstum styrkjum sviðsins að hafa áhrif á leikskóla.
Alls annað	25.409	404	Foreldrakannair og fleira
Yfirstjórn			
Skrifstofa sviðsstjóra	62.562	994	Skv. líkani eru 25% af skrifstofu sviðsstjóra sem hafa áhrif á leikskólana
Fagskrifstofa - leikskóli	87.479	1.389	Skv. líkani eru 83% sem hafa áhrif á leikskólana, annað er vinna við dagforeldra
Fjármála- og rekstrarþjónusta	35.710	567	Skv. líkani eru 25% af fjármálaskrifstofu sem hafa áhrif á leikskólana

Mannauðspjónusta	18.515	294	Skv. líkani eru 25% af mannauðspjónustu sem hafa áhrif á leikskólana
Lögfræðipjónusta	6.073	96	Skv. líkani eru 25% af lögfræðipjónustu sem hafa áhrif á leikskólana
Skóla og frístundaráð	6.244	99	Skv. líkani eru 25% af Skóla og frístudnaráði sem hafa áhrif á leikskólana
Alls yfirstjórn	216.584	3.440	
Samtals alls		58.727	12.471

KOSTNAÐARÞÆTTIR	Fjárhæð	Pr. barn á mán	Pr. dvalargildi á mán	Athugasemdir
Launakostnaður				
Stjórnunarkostnaður	653.710	10.382		Stjórnunarkostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í stjórnun af heildarstöðugildum
Eldhús - starfsmannakostnaður	871.614	13.843		Eldhúskostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í eldhúsi af heildarstöðugildum
Veikindaafleysing f. Eldhús (6,9%)	60.141	955		Veikindi í eldhúskostnaði er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í eldhúsi af heildarstöðugildum
Sérkennslustjóri	379.574	6.028		Sérkennslustjórakostnaður er reiknaður sem hlutfall stöðugilda í sérkennslustjóra af heildarstöðugildum
Launakostnaður á deild	6.733.922		10.375	
Afleysing á deild	1.138.721		1.754	Kostnaður við veikinda og undirbúningsafleysingu á deild
Breyting á barngildum	44.700		69	
Aukinn undirbúningstími starfsfólks	45.800		71	
Sumarstörf á leikskólum	59.000		91	
Launaþróunartrygging	73.731		114	
Fjármálaráðgjafi	7.029	112		
Alls		31.321	12.474	
Annar rekstrarkostnaður		19.698		Allur annar rekstrarkostnaður fyrir utan innri leigu húsnæðis
Miðlægir pottar og tengdir liðir				
Langtímaveikindi	276.891	881	341	
Endurúthlutunarpottur leikskóla				
Uppreikningur á barngildum færður til 1.sept	50.000	794		Áður voru börn að eldast um 1.árgang 1.júlí en nú er það 1.sept. Því þarf ekki að fækka starfsmönnum í júlí og ágúst
Viðbótarúthlutun við leikskóla í Fellahverfi	6.864	109		Tímabundin launahækkun til leikskólakennara í fellahverfi
Sumarorlof umfram lokun leikskólans	46.667	741		Leikskólar frá greiddar sumarafleysingar starfsmanna umfram lokunartíma
Sumarorlof umfram lokun hjá matráðum í litlum leikskólum	4.000	64		Úthlutað verði aukalega fyrir aðkeyptum mat í

Vaktgæsla	616	10
Bón í leikskóla sem eru ekki með aðkeypta ræstingu	2.567	41
Innheimtulaun og innheimtuþóknun	6.162	98
Tækjapottur	4.108	65
Íþróttastyrkur til starfsmanna	5.000	79
Starfsmenn frá Vinnumálastofnun	-9.000	-143
Óráðstafaður tölvukostnaður	1.372	22
Nýjar ungbarnadeildir - búnaðarkaup	11.500	183
Niðurfelling gjalda mili jóla og nýárs og loka á aðfangadag og gamlársgjöld	7.300	116
Alls endurúthlutunarpottur	118.356	2.178
Símenntun og annar starfsmannakostnaður		
Námsleyfi	29.000	461
Símenntun, fræðsla, handleiðsla	5.067	80
Sundstýrki	2.953	47
Íþróttastýrki til starfsmanna	2.000	32
Endurmenntunarstjóður grunnskóla	4.062	65
Trúnaðarlæknir	3.042	48
Leigubílakostnaður skrifstofu	392	6
Auglýsingar	1.027	16
Eineltisathuganir	257	4
Skólasafnamiðstöð	500	8
Túlkþjónusta - umbótarþættir	4.500	71
Innleiðing barnasáttmálans - umbótarþættir	2.500	40
Aðrir umbótarþættir - óráðstafað	6.543	104
Ófyrirséð	7.686	122
Mentór til nýrra leikskólakennara	3.900	62
Handleiðsla	750	12
Kynning á námi og starfi í leikskólum	12.000	191
Heildarúttekt á húsnæði og starfsaðstæðum	15.750	250
Ímyndarvinna og kynning á námi í leikskólafræðum	15.000	238
Heilsuefning og liðsheildarvinna	25.000	397
Efla móttöku nýliða	6.000	95
Alls símenntun	69.527	2.349

Leikskólar hafa starfsmenn á vegum vinnumálastofnunar og fá að hluta endurgreitt vegna þeirra

Reiknað upp að 25% af heildarpotti í símenntun tengist leikskólum nema námsleyfið sem tengist bara leikskólum

Tengist ekki leikskólum

Tengist ekki leikskólum

Annað			
Tölvukostnaður sem ekki fellur á leikskóla	1.254	20	Kostnaður við upplýsingatækniþjónustu sem ekki fellur til á leikskólana
Fastir styrkir	9.118	145	Skv. líkani eru 25% af föstum styrkjum sviðsins að hafa áhrif á leikskóla. Þetta eru styrkir eins og Fjölskyldu og húsdýragarðurinn, afmælisstyrkir og Útilífmiðstöð skáta
Myndver	476	8	Skv. líkani eru 25% að hafa áhrif á leikskólana
Sameiginlegur kostnaður leikskóla	3.297	52	Leikskólastjóradagur, leikskólaráðstefna, stóri leikskóladagurinn
Almennir styrkir og þróunarstyrkir	10.520	167	Skv. líkani eru 25% af föstum styrkjum sviðsins að hafa áhrif á leikskóla.
Kannanir	744	12	Foreldrakannair og fleira
Alls annað	25.409	404	
Yfirstjórn			
Skrifstofa sviðsstjóra	62.562	994	Skv. líkani eru 25% af skrifstofu sviðsstjóra sem hafa áhrif á leikskólana
Fagskrifstofa - leikskóli	87.479	1.389	Skv. líkani eru 83% sem hafa áhrif á leikskólanna, annað er vinna við dagforeldra
Fjármála- og rekstrarþjónusta	35.710	567	Skv. líkani eru 25% af fjármálaskrifstofu sem hafa áhrif á leikskólana
Mannauðsþjónusta	18.515	294	Skv. líkani eru 25% af mannauðsþjónustu sem hafa áhrif á leikskólana
Lögfræðiþjónusta	6.073	96	Skv. líkani eru 25% af lögfræðiþjónustu sem hafa áhrif á leikskólana
Skóla og frístundaráð	6.244	99	Skv. líkani eru 25% af skóla- og frístundaráði sem hafa áhrif á leikskólana
Alls yfirstjórn	216.584	3.440	
Samtals alls		60.270	12.815

		Pr. Pr. barn á dvalargildi á mán mán	
Fjárhæð			
Mentor til nýrra leikskólakennara	3.900.000	62	
Handleiðsla	750.000	12	
Heildarúttekt á húsnæði og starfssaðstæðum	15.750.000	250	
Kynningarátak á námi og starfi í leikskólum	12.000.000	191	
Nýjar ungbarnadeildir - búnaðarkaup	11.500.000	183	
Aukin stöðugildi v. 5 ára barna	44.687.500		69
Heilsuefling og liðsheildarvinna	25.000.000	397	
Aukinn undirbúningstími	45.778.125		71
Niðurfelling gjalda mili jóla og nýárs og loka á aðfangadag og gamlársgagn	7.300.000	116	
Efla móttöku nýliða	6.000.000	95	
Sumarstörf á leikskólum	59.000.000		91
Ímyndarvinna og kynning á námi í leikskólafræðum	15.000.000	238	
Launaþróunartrygging	73.731.000		
Samtals	320.396.625	1.544	230